

ACKNOWLEDGEMENTS

I am very grateful to those members of the 1970 Expedition of the British Schools Exploring Society who helped with the field work involved in the preparation of this paper.

REFERENCES

- Atkins, F. B. 1971: Geology. Report of the 1970 Expedition, British Schools Exploring Society, London, 103–110.
- Einarsson, T. 1962: Upper Tertiary and Pleistocene Rocks in Iceland. *Vísindafélag Íslandinga*, Rit 36, Reykjavík, 38–42.
- Kjartansson, G. 1955: Fróðlegar jökulrákir. *Náttúrufræðingurinn*, 25; 159.
- 1965: Geological Map of Iceland, Sheet 5. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Thorsteinsson, Th. 1962: Arnarvatnsheiði og Tvidægra. Árbók Ferðafélags Íslands, 51–52.

ÁGRIP

LANDMÓTUN Á ARNARVATNSHEIÐI

Ian Ashwell

Landslag á Arnarvatnsheiði einkennist af fremur sléttu heiðlendi með hamrabrunum móti norðvestri. Laus jarðlög eru þunn í norðri og austri en þykkna til suðurs og vesturs. Þetta landslag virðist mótað af jökli, sem kom úr norðaustri. Margar hamrabrunanna mynduðust þegar vatnsrof undir jökli náði niður úr basaltþekjunni í lausari undirlög. Jökullinn hropaði til norðvesturs. Þá mynduðust jaðarlón við hamrana og útföll rufu skörð í veggina. Dæmi um slíkt lón má finna á suðurströnd Arnarvatns hins stóra. Fíngerður framburður settist sunnan og vestan heiðarinnar, en sum jarðlög, sem áður hafa verið álitin framburður á þessu svæði, gætu verið móberg eða setlög, sem hlíft var af basaltþekju, áður en hún var rofin.

Sv. B.

Esjufjallaferð sumarið 1975

Sunnudaginn 20. júlí 1975 söfnuðust nokkrir félagar úr Jöklarannsóknafélaginu saman að Breiðá til að hefja göngu í Esjufjöll daginn eftir. Flestir komu á eigin bílum og á mánudagsmorgun var hópurinn orðinn 31 manns.

Á sunnudag var rigning og leiðindaveður, er líða tók á kvöldið, og alltaf dimmdi yfir. Fór göngufólki ekki að litast á blikuna. Ýmsar tilögur komu fram um það, hvernig orku þeirri, sem búið var að safna í ferðina, væri best varið, ef veðurguðirnir héldu sínu striki og ekki létti til. Á mánudagsmorgun var svipað veður, mun bjartara og veðurspáin lofaði betra. Var nú farið að tygja sig af stað og um hádegið var hópurinn ferðbúinn. Jeppaeigendur ferjuðu samferðamenn sína að jökulröndinni.

Farið var á jökulinn upp með Mávabyggðaröndinni að austan, þar er slétt og gott að ganga, þá er farið yfir að Esjufjallarönd. Á milli Mávabyggða- og Esjufjallaranda er úfið og leiðindaklungur. Farið var á ýmsum stöðum, einna best þótti að fara neðarlega, tók það flesta um klukkutíma að klöngrast þar yfir.

Esjufjallaröndin er mikil mórena, sem nær ofan úr Esjufjöllum og niður í Jökulsárlón. Hún er tvískipt af tiltölulega sléttu beltí. Sú stærri er 10–15 metra há og um 50 metra breið, sú minni er lítið annað en liturinn í ísnum nema neðst þar er mikið af jökulmúsum. Á milli þeirra er ísinn sléttur og laus við hóla, dálítið er um sprungur en ágætt að ganga. Þegar komið er upp undir Esjufjöllin er komið að slæmum sprungukolli og er þá betra að fara vestur yfir mórenuna. Þegar komið er upp fyrir hausinn, er komið á sléttu, sem hallar niður að miklu kerí, sem er við endann á Skálabjörgum. Þá er best að halda hæð og fara vestur fyrir keríð þar til auðvelt er að komast af jökli.

Eins og fyrr segir var rigning, er lagt var af stað, en stytta upp og gekk á með skúrum, er líða tók á daginn. Gangan á jökli tók 6–8 tíma enda var göngufólkið misjafnlega vant göngu með byrðar.

Tjaldað var í Tjaldmýri, sem er mosa- og grasivaxin vin með tærum læk vestan við Skálabjörg. Reis þar hin myndarlegasta tjaldborg.

Á þriðjudag var svæðið athugað nánar. Geng-